

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Útskála, Sveitarfélaginu Garði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag við Útskála.

Í deiliskipulaginu felst endurbygging gamla prestssetursins, að koma þar á fót menningar- og fræðasetri, jafnframt því að reisa þjónustu-/safnaðarheimili með veitinga- og snyrtiaðstöðu. Gert er ráð fyrir byggingu 50 herbergja hótels að Útskálum. Einnig er gert ráð fyrir stækkun kirkjugarðs. Vegur að Útskálum færir vestur fyrir Presthús og einnig fjölgar um nokkrar lóðir við Skagabraut.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 5. september 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Garði, 9. október 2007.

Páll Svavar Pálsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2007